



# Umsögn

Búgreinadeild skógarbænda BÍ  
um verklagsreglur (taxta) Lands og skógar  
11. mars 2024



Fyrir hönd skógarbænda: Hjörtur Bergmann Jónsson, formaður Búgreinadeildar skógarbænda,  
Bjarni G. Björgvinsson, Dagbjartur Bjarnason og Hlynur Gauti Sigurðsson

## Taxtar 2024

Taxtar, útgefnir fyrir árið 2024, endurspeglu hvernig þróun greiðslna fyrir verk í skógrækt á einkalöndum hefur verið yfir árabil. Kaupmáttur við verk í skógrækt hefur dregist mikið saman frá því um aldamótin síðustu. Þá þótti jafnvel hagkvæmt að vera í skógrækt á bújörðum. Í nokkur ár hafa skógarbændur talið að þeir væru að benda á þessa þróun á vettvangi taxtanefndar eða/og samráðsfunda en svo virðist sem þær ábendingar hafi ekki skilað sér að öðru leyti en uppreikningi eftir vísitölum. Lengi hefur það reyndar verið sameiginleg sýn beggja aðila að þörf væri á að endurskoða taxtana.

Sem fyrr, er þörf á endurskoðun á forsendum taxta til skógræktar á bújörðum og jafnvel forsendur skógræktar almennt í landinu. Að mati skógarbænda þarf skógrækt að þróast sem eftirsóknarverð búgrein í landbúnaði um land allt, til vegs og virðingar fyrir umhverfi og alls ekki síður fyrir efnahag og samfélag.

## Forgangsröðun

Endurskoða þarf alla verkliði sem taxtarnir taka á.

Hvað varðar þá verkliði sem nú þegar er greitt fyrir skv. töxtum skal leggja höfuðáherslu á gróðursetningu og viðhald girðinga.

Hvað varðar liði sem ekki er greitt fyrir af ótilgreindum ástæðum ber helst að leggja áherslu á nýgirðingar og millibilsjöfnun fyrir aðrar tegundir en lerki, svo sem furu og greni. Einnig þarf að taka inn niðurrif girðingar þegar ákveðið hefur verið að hætta að viðhalda þeim.

Að svo stöddu teljum við ekki hafa forsendur til að breyta töxtum sem kynntir eru af Landi og skógi fyrir árið 2024. Aftur á móti er tekið undir neðangreind orð sem koma frá stjórn skógarbænda á Austurlandi (FSA).

*„FSA ítrekar þá skoðun sína að fara þurfi ítarlega yfir þann grunn sem liggur til grundvallar töxtum í bændaskógrækt og leggur til að skipaður verði starfshópur sem fari yfir þennan grundvöll og þróun síðustu ára. Í starfshópi þessum ættu sæti einn frá Landi og skógi, einn frá skógarbændum og einn frá BÍ sem yrði formaður. Niðurstöður liggja fyrir í janúar 2025.“*

# Frekari hugleiðingar

*Hverjar verða forsendur bændaskógarækar á næstu árum og hvernig hefur það áhrif á fjármögnun ríkisins og taxta inn í nánustu framtíð?*

## Af hverju umsögn?

Í lögum um skógrækt, samþykkt á Alþingi 2. maí 2019, stendur:

14. gr.

Samráð.

Skógræktin skal hafa samstarf við félög skógarbænda á viðkomandi svæðum. Skógræktin skal leita **umsagnar** Landssamtaka skógareigenda við ákvörðun viðmiða fyrir endurgreiðslu samþykktar kostnaðar skv. 4. mgr. 11. gr. Skógræktin og Landssamtök skógareigenda skulu móta sér sameiginlegar verklagsreglur um hvernig samráði þeirra í milli skuli háttað.

11. gr.

Samningar.

Skógræktin gerir samninga við einstaka skógarbændur um framlög til skógræktarverkefna samkvæmt ákvæðum laga þessara. Slíkir samningar skulu taka mið af landsáætlun sem og landshlutaáætlun í viðkomandi landshluta. Samningar skv. 1. mgr. skulu að lágmarki vera til 40 ára og vera á formi sem ráðherra hefur staðfest. Ef annar en landeigandi eða réttthafi lands undirritar samning um skógræktarverkefni skal landeigandi samþykkja hann með áritun sinni. Samningnum skal þinglýst sem kvöð á þá fasteign sem hann tekur til. Á grundvelli samnings um skógrækt er heimilt að greiða allt að 97% af samþykktum kostnaði við skógrækt.

Úr skógræktarlögum: [https://www.skogarbondi.is/files/uqgd/b446f5\\_75b2bae8b04f4463b376381bef9a5e39.pdf](https://www.skogarbondi.is/files/uqgd/b446f5_75b2bae8b04f4463b376381bef9a5e39.pdf)

Tilgangur taxtanefndar er að styrkja samstarf hlutaðeigandi af hálfu ríkisaðilans. Það má segja að taxtanefndin sé lögbundinn samráðsvettvangur þeirrar ríkisstofnunar sem fer með skógræktarmál á hverjum tíma, þ.e.a.s. stofnunarinnar sem hefur með framlög skógræktar á bújörðum að gera og þess félags sem fer með hagsmuni skógarbænda, nú eru það Land og skógur og Búgreinadeild skógarbænda hjá BÍ.

Hagsmunirnir sem hér um ræðir eru annars vegar ríkisins, sem leggur fjármagn til skógræktar með ýmsum leiðum, og hins vegar landeigenda sem leggja land sitt undir skógrækt. Markmið laganna er m.a. að búa til skógarauðlind til sjálfbærra nytja (1. gr., c-liður) og það gagnast landi og þjóð Um leið er væntanlega verið að styrkja byggð í landinu með eflingu starfi í sveitum landsins

## Hver er hugmyndin að baki skógræktarlögunum?

Af markmiðum skógræktarlaga frá 2019 má ætla að hugmyndin sé að koma upp skógarauðlind. Sú auðlind muni gefa möguleika til atvinnutækifæra með viðartekju í framtíðinni. Ekki er nógu fast að orðið kveðið í lagatextanum í þá átt að koma upp menningu fyrir skógi í landinu og þróa atvinnu í kringum hana. Í lið d. er komið inn á þau mál með óbeinum orðum sem gefur tilefni til að ætla að lögin séu ekki ætluð landeigendum/bændum og eflingu landbúnaðar í skógrækt, heldur sé skógurinn, sem hlýst af ræktuninni, aukaafurð af landbreytingunni sem unnið er að. Sé stefna stjórnvalda að koma upp skógarauðlind vistkerfisins vegna má spyrja sig hvort skógrækt sé landbúnaður eða sértækt umhverfismál? Er skógrækt kannski einfaldlega dýrt hobbý fyrir skógræktendur (ath, ekki bændur)? Má túlka lögin sem svo að skógur sem hlýst af ræktuninni sé hreint og klárt umhverfismál en ekki uppbygging nýrrar búgreinar nema að litlu leyti?

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er:

- a. að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra,
- b. að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni,
- c. ræktun nýrra skóga til að byggja upp fjölbreytta skógarauðlind til sjálfbærra nytja,
- d. að nýting skóga sé sjálfbær þannig að skógarnytjar skili sem mestum hagrænum, félagslegum og umhverfislegum ávinningi fyrir samfélagið,
- e. að skógrækt verði í samræmi við skipulagsáætlanir og náttúruvernd,
- f. að auðvelda aðgengi fólks að skógum til útivistar og auka þekkingu fólks á málefnum skóga og skógræktar,
- g. að stuðla að kolefnisbindingu með ræktun skóga og aðlögun þeirra að loftslagsbreytingum,
- h. að skógrækt stuðli að verndun jarðvegs og dragi úr hugsanlegu tjóni vegna náttúruvár.

Úr skógræktarlögum: [https://www.skogarbondi.is/files/ugd/b446f5\\_75b2bae8b04f4463b376381bef9a5e39.pdf](https://www.skogarbondi.is/files/ugd/b446f5_75b2bae8b04f4463b376381bef9a5e39.pdf)

## Hver er ávinningur landeiganda?

„Væri skógur á jörðinni þá væri allt miklu betra“. Þetta eru nokkurn veginn orð sauðfjárbónda, Hjartar Kerúlf, í Fljótsdal sem beitti sauðfé í uppkominn skóg á næstu jörð við sína. Hans réttu orð voru á þá leið að ef forfeður hans hefðu komið upp skógi þá þyrfti hann ekki að vera að standa í skógrækt sjálfur, sem hann gerði reyndar ekki því hann átti góða nágranna. Samkvæmt hans orðum væri sem sagt „allt betra“ ef á bújörðum væri skógur.

Skógrækt er langtímaverkefni. Það tekur kynslóð eða tvær að koma upp álitlegum skógi til viðarnytja. Við upphaf hvernar skógræktar hérlendis þarf að friða svæðið fyrir ágangi búfjár. Oftar en ekki er það gert með fyrirferðarmikilli girðingu. Skógurinn vex og á vissu vaxtarskeiði má réttlæta niðurrif girðingarinnar. Aðgengi vélknúinna ökutækja er nauðsynlegt fyrir markvissa umhirðu um skóginn. Umhirðan felur m.a. í sér íbætur, tvítoppaklippingu, snyrtingu, snemmgrisjun, grisjun og eftirlit.

Ávinningur af skógi er í sjálftu sér óendanlegur. Vistgæði í landinu batna iðulega með skógi, skógur heillar útivistarfólk og er drjúg tekjulind þegar að viðarnytjum kemur. En skógur vex oft of hægt fyrir fólk. Fjárhagslegur ávinningur fyrir bóndann er fólgin í hærra endursöluvirði jarðarinnar. Löngu síðar skilar ávinningurinn sér en þá er skógarbóndinn sjaldnast með líkamlega getu til að sinna skógarhöggi og afskaplega ólíklegt að hann hafi efni á skógarhöggsvél. Því eru það annaðhvort erfingjar skógarbóndans eða verktakar sem saga skóginn þegar að nytjum kemur.

Landeigendur fara út í skógrækt af hugsjón. Aðstoðin við að byggja upp skógarauðlindina er of lítil og oft ekki til fjármunir til að vinna nauðsynleg samningsbundin verk til að skógurinn skili að lokum hámarksafurðum. Virðisaukningin sem felst í afurðum skógarins og vinnu honum lútandi mun engu að síður borga fjárfestingu ríkisins margfalt til baka, auk tækifæranna sem felast í fjölbreyttum landbúnaði í gróskulegra landi en það var fyrir.

## Lotubundin skógrækt

Þegar skógrækt fer fram á bújörð eru oft til tæki tól sem hægt er að nýta við ræktunina, svo sem dráttarvélar, vélaskóflur og fjórhjól. Á jörðum þar sem ekki eru til tæki og tól þarf að kaupa slík tæki, eins og sérhæfða gróðursetningastafi, eða keðjusagir. Allur slíkur búnaður úreldist og er hægt að afskrifa eins og önnur tæki í sambærilegum rekstri. Það er það að koma upp skógi, á meðan á því stendur.

Verkplan, ekki svo óraunhæft													
Verk á hektara, viðmið eitt starf													
	Jan	Feb	Mar	Apr	Mai	Jún	Júl	Ág	Sep	Okt	Nóv	Des	Hektarar
Gróðursetning  miðað við 1000 pl dag eða 5000 á viku (2ha) eða 20.000 á mánuði (8 ha)	1				4	8			4	4			20
	2				4	8			4	4			20
	3				4	8			4	4			20
	4				4	8			4	4			20
	5				4	8			4	4			20
	6				4	8			4	4			20
	7				4	8			4	4			20
	8				4	8			4	4			20
	9				4	8			4	4			20
	10				4	8			4	4			20
Íblöndun Tvítoppklipping snyrting Jólatré	11	6	6	6	6	6	6			6	6		48
	12	6	6	6	6	6	6			6	6		48
	13	6	6	6	6	6	6			6	6		48
	14	6	6	6	6	6	6			6	6		48
Millibilsjónun Grisjun	15	4	4	4	4						4		20
	16	4	4	4	4						4		20
	17	4	4	4	4						4		20
	18	4	4	4	4						4		20
	19	4	4	4	4						4		20
	20	4	4	4	4						4		20
	21	4	4	4	4						4		20
	22	4	4	4	4						4		20
	23	4	4	4	4						4		20
	24	4	4	4	4						4		20
	25	4	4	4	4						4		20
Einn einstaklingur getur fylt eitt 200 ha landsvæði	26	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	27	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	28	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	29	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	30	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	31	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	32	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	33	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	34	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	35	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	36	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	37	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	38	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	39	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	40	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	41	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	42	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	43	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	44	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	45	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	46	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	47	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	48	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	49	1	1	1	1	1				1	1	1	8
	50	1	1	1	1	1				1	1	1	8
Einn einstaklingur getur grisjað eitt 200 ha landsvæði													

Í þessari töflu má gera sér í hugarlund hvernig búskapur skógræktar fer fram. Vinnustundir, í mánuðum miðað við hektara í skógi. Helsti munurinn á hefðbundnum búskap og skógrækt er sá að afurðir bústarfanna skila sér ekki fyrr en á seinni stigum langtíma ræktunar. Þegar kemur nær lokanytjum eru þær nytjar svo miklar að þær gætu nýst allri sveitinni en ekki eingöngu bújarðarinnar sjálfar. Það er þar af leiðandi margvíslegur hagur fyrir land og þjóð að hafa skógarbændur að störfum, sér í lagi ef þeir stunda annan búskap samhliða, ekki síður en skógrækt félagasamtaka eða ríkisrekna þjóðskóga.